




ÁRÍÐ Í HN TSKURN 2018





Kjaramál

Forsendunefnd skilaði niðurstöðu í ágreiningi þar sem fulltrúar ASÍ töldu að ekki hafi náðst almenn sátt um launastefnuna á undangengnum 12 mánuðum á meðan fulltrúar SA töldu svo hafa verið. Það var því mat fulltrúa ASÍ að samninganefnd ASÍ hefði heimild til þess að virkja uppsagnarákvæði samninganna.

Skiptar skoðanir voru meðal aðildarfélaganna um næstu skref og samþykkti samninganefnd ASÍ samhljóða tillögu forseta, að láta formannafund skera úr um hvort samningum yrði sagt upp eða ekki. Formannafundur var haldinn 28. febrúar 2018, eftir að formenn aðildarfélaganna höfðu kannað vilja félagsmanna sinna til uppsagnar hver í sínu baklandi.

Niðurstaða formannanna var:

Já, vil segja upp - 21 (42,9%)
Nei, vil ekki segja upp - 28 (57,1%)

Að baki þessum formönnum var (vægiskosning):

Já - 52.890 (66,9%)
Nei - 26.172 (33,1%)

Samkvæmt samstarfssamningi aðildarsamtakanna þurfti bæði meirihluta atkvæðisbærra fundarmanna og meirihluta þess atkvæðavægis sem að baki þeim stóð. Þar sem ekki náðist meirihluti fundarmanna var tillaga um uppsögn samninga felld.

Þeir sem vildu halda í samninginn töluðu m.a. um að aðeins væru 9 mánuðir eftir af samningnum og hann tryggði 3% almenna launahækkun 1. maí og rúmlega 7% hækkun lágmarkslauna. Nota ætti tímann til hausts til að móta kröfugerð.

Það var þungt hljóð í þeim sem vildu segja upp.


Það var þungt hljóð í þeim sem vildu segja upp. Stjórnvöld voru harðlega gagnrýnd fyrir að taka til sín ávinn- ing af starfi verkalýðshreyfingarinnar sem hefur lagt mikla áherslu á hækkun lægstu launa, en stjórnvöld tekið til baka með hækkun skatta og skerðingu bóta. Úrskurðir kjararáðs og hækkanir á launum æðstu stjórnenda ríkisfyrirtækja urðu einnig tilefni til gagnrýni.

Október 2017

LÍV 60 ára

Toppi hagsveiflunnar náð

Formannafundur ASÍ



Efnahagsmál

Það hæðði á vexti efnahagslífsins 2017 eftir mikinn uppgang árið áður. Hagvöxtur fór úr 7,5% 2016 í 3,6%. Minni fjölgun ferðamanna og minnkandi fjárfesting atvinnuveganna er ástæða þess að hægt hefur á vexti. Einkaneysla jókst hins vegar um 7,8% í fyrra og er það mesta aukning einkaneyslu frá hrúni og skýrist af betri fjárhags- og skuldastöðu heimilanna.

Efnahagslegar aðstæður voru um margt góðar á árinu 2017, verðbólga var undir markmiði Seðlabankans fjórða árið í röð, atvinnuþátttaka mikil og atvinnuleysi lítið. Þjóðarútgjöld jukust um 6,8% sem telst umtalsverður vöxtur þó hann hafi dregist saman milli ára. Aukin einkaneysla skýrir vöxtinn að miklu leyti en milli ára hæðði töluvert á vexti fjármunamyndunar. Fjárfesting atvinnuveganna jókst einungis um 4,3% milli ára en fjárfesting bæði í íbúðum og hjá hinu opinbera jókst hins vegar umtalsvert milli ára.

Þrátt fyrir að efnahagslegar aðstæður hafi verið góðar og lífskjör batnað á undanförunum árum hjá ákveðnum hópum má líka benda á hópa sem skildir voru eftir. Þar hefur verkalýðshreyfingin bent á að aðstæður á húsnæðismarkaði og þróun skatta og bóta hafi haft neikvæð áhrif á þá tekjulægstu.

Í skýrslu hagdeildar ASÍ sem gefin var út haustið 2017 var skattbyrði launafólks rakin frá árinu 1998. Meginniðurstaða skýrslunnar var aukin skattbyrði allra hópi yfir tímabilið en þó afgerandi mest hjá lágtekjuhópum. Þróunina má rekja til þriggja atriða. Í fyrsta lagi þróun launa og persónuafsláttar. Í öðru lagi auknar skerðingar og veikingar vaxtabótakerfisins. Í þriðja lagi auknar skerðingar og veikingar barnabótakerfisins.

Verkalýðshreyfingin hefur bent á að aðstæður á húsnæðismarkaði og þróun skatta og bóta hafi haft neikvæð áhrif á þá tekjulægstu.

Nóvember 2017

Lagaleg óvissa um tilgreinda séreign

Atvinnuleysi 3,6%

Rjúfum þögnina! #metoo



Hringferðir ASÍ 2018

Í tveimur hringferðum um landið, vor og haust 2018, stóð ASÍ fyrir 18 fundum með u.þ.b. 600 einstaklingum úr grasrót verkalyðshreyfingarinnar. Tilgangurinn var að heyra álit fólksins á megin verkefnum verkalyðshreyfingarinnar, kynna því viðfangsefni komandi þings ASÍ og gera því kleift að koma með ábendingar og tillögur.

Fundirnir tókust afar vel, þátttaka var yfirleitt góð og umræðan skilaði áhugaverðum niðurstöðum sem unnið hefur verið úr. Málefnanefndir ASÍ og miðstjórn hafa fjallað um þær og afgreitt til frekari umfjöllunar og afgreiðslu á 43. þingi ASÍ.

Fyrri hringferðin var farin í maí en hin seinni í september. Staðirnir sem sóttir voru heim voru Akureyri, Borgarnes, Egilsstaðir, Húsavík, Ísafjörður, Sauðárkrúkur, Selfoss, Reyðarfjörður, Reykjanesbær, Reykjavík og Vestmannaeyjar.

Yfirskrift 43. þings ASÍ er Sterkari saman! og viðfangsefni þess eru römmuð inn undir fimm fyrirsögnum sem öll voru til umfjöllunar á fundunum:

- Tekjuskipting og jöfnuður
- Jafnvægi atvinnuþátttöku og einkalífs
- Tækniþróun og skipulag vinnunnar
- Heilbrigðisþjónusta og velferð
- Húsnæðismál

Á fundunum var fjallað um verkefni og áskoranirnar út frá því hvert erindi Alþýðusambandsins og verkalyðshreyfingarinnar á að vera. Þær áskoranir sem launafólk stendur frammi fyrir nú og í nánustu framtíð og hvernig eigi að takast á við þær út frá grunnjildum verkalyðshreyfingarinnar.

Í tveimur hringferðum um landið stóð ASÍ fyrir 18 fundum með u.þ.b. 600 einstaklingum úr grasrót verkalyðshreyfingarinnar.

Desember 2017

Launapróunartrygging fyrir starfsmenn hjá ríkinu

Yfirlýsing miðstjórnar vegna #metoo

ASÍ styrkir hjálparstarf fyrir jólin



Bjarg íbúðafélag - 238 íbúðir í byggingu

Þann 23. febrúar 2018 kom stór hópur fólks úr verkalyðshreyfingunni saman við Móaveg í Spönginni í Grafarvogi þar sem fyrsta skóflustungan var tekin að fyrsta íbúðakjarna Bjargs íbúðafélags. Gleðidagur sem markaði tímamót þess að vinnan færðist af teikniborðinu og yfir á byggingarsvæðið.

Framkvæmdir eru einnig hafnar við byggingu 83 íbúða í Urðarbrunni í Úlfarsárdal og skóflustunga var tekin í september að byggingu 33 íbúða að Asparskógum á Akranesi.

Nú á haustdögum 2018 er félagið því með tæplega 238 íbúðir í byggingu og um 430 í hönnunarferli en þegar hafa verið veitt framlög til Bjargs vegna uppbyggingar á 668 íbúðum í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Akureyri, Þorlákshöfn og Sandgerði. Þá hefur Bjarg átt í viðræðum við fleiri sveitarfélög en félagið stefnir á uppbyggingu um 1400 leiguíbúða á næstu fjórum árum.

Skráning á biðlista eftir íbúð hjá Bjargi hófst þann 15. maí 2018 og standa skráningar nú í eitt þúsund. Fyrstu leigutakar Bjargs munu flytja inn í íbúðir þann 1. júní 2019 og allt bendir til að íbúðirnar á Akranesi verði fyrst tilbúnar.

Áætlanir um leiguverð á íbúðum Bjargs hafa verið kynntar. Leiguverð er misjafnt milli sveitarfélaga en þar hefur lóðaverð tölverð áhrif ásamt skipulagsskilmálum og hvernig þau styðja við byggingu hagkvæms húsnæðis. Til dæmis er áætlað að leiguverð á 3ja herbergja íbúð verði 128-169 þúsund miðað við rekstrarforsendur og verðlag 2018. Greiðslubyrði leigu á slíkri íbúð miðað við lágmarkslaun gæti því orðið frá 90.000 fyrir hjón/ þar með eitt barn þegar tekið er tillit til húsnæðisbóta.

Veitt hafa verið framlög til Bjargs vegna uppbyggingar á 668 íbúðum í Reykjavík, Hafnarfirði, Akranesi, Akureyri, Þorlákshöfn og Sandgerði.

Janúar 2018

#metoo konur - hvað getum við gert?

Verðbólgan gerir vart við sig

www.volunteering.is í loftið



Einn réttur, ekkert svindl!

Frá árinu 2016 hefur Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess staðið að verkefninu Einn réttur - ekkert svindl! Verkefninu er beint gegn undirboðum og svartri atvinnustarfsemi með áherslu á erlenda starfsmenn og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.

Starfandi eftirlitsfulltrúar aðildarféлага ASÍ á vettvangi eru 20 víðsvegar um landið. Markvisst hefur verið unnið að því að styrkja þá í starfi m.a. með sameiginlegum fundum, námskeiðahaldi og samráði við nýjan verkefnastjóra ASÍ sem var ráðinn til starfa í febrúar 2018.

Áhersla er lögð á vitundarvakningu í samfélaginu og að hefja samtal um að aðgerða sé þörf. Þar er lögð áhersla á einföld og skýr skilaboð; það tapa allir á undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi nema svindlararnir.

Markmiðið með Einn réttur – ekkert svindl! er að allur þorri landsmanna styðji baráttuna gegn brotastarfsemi með virkum hætti, t.d. með því að benda á glæpastarfsemi í atvinnulífinu, nútíma þrælahald og mansal þar sem það fyrirfinnst. Við viljum ekki samfélag þar sem óþverraskapur og mannvonska þrífst.

Vekja þarf athygli sveitarstjórnarmanna, stjórnarsýslunnar, alþingismanna og samfélagsins alls á núverandi ástandi og hvernig hægt sé að taka á vandanum.

Starfandi
eftirlitsfulltrúar
aðildarféлага ASÍ
á vettvangi
eru 20 víðsvegar
um landið.

Febrúar 2018

Forsendunefnd lýkur störfum í ágreiningi

Útafkeyrslu kjararáðs þarf að leiðrétta strax

Formannafundur vill ekki segja upp samningum



Baráttan gegn undirboðum Primera

Flugfreyjufélag Íslands (FFÍ), með stuðningi ASÍ, efndi á árinu 2017 til kjaradeilu við flugfélagið Primera Air Nordic (PAN) en fyrirtækið stundaði félagsleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði. Kröfum FFÍ var ekki svarað og var því boðað verkfall frá 15. september 2017. Deilunni var vísað til Félagsdóms og Hæstaréttar um tiltekna þætti. Verkfallið var að lokum dæmt ólöglegt þar sem ríkissáttasemjari hafði ekki tekið málið fyrir vegna „vafa um lögsögu sína“.

Deilunni var aftur komið af stað í byrjun árs 2018 og tók sáttasemjari hana nú fyrir. Það bar ekki árangur og var boðað til verkfalls frá 15. nóvember 2018 en PAN hætti starfsemi og óskaði eftir greiðslustöðvun í byrjun október.

Barátta FFÍ í þessari deilu hefur mikla þýðingu fyrir okkur öll. Það er alþekkt að flugfélög hafa víða fengið að fljúga undir flaggi sem hentar hverju sinni og undirboðið félög sem reka ábyrga stefnu gagnvart sínum flugliðum. Jafnframt reyna þau að skýla sér á bak við „samninga“ sem segja starfsfólk verktaka til þess að koma sér undan skuldbindingum kjarasamninga.

Danskir flugliðar höfðu einnig hafið baráttu gegn undirboðum Primera í Danmörku en samstaða er milli þeirra og FFÍ. Þrátt fyrir greiðsluþrot PAN er baráttunni ekki lokið. Það verður með öllum ráðum að verjast því að erlend félög sem starfa hér á landi geti komist hjá því að greiða mannsæmandi laun og þörf á viðtækri samstöðu til þess að koma böndum á ólöglega starfsemi þeirra. ASÍ telur að Vinnumálastofnun hafi brugðist hlutverki sínu í þessari deilu og hefur skorað á stjórnvöld að bæta þar úr.

Það er alþekkt að flugfélög í hafa víða fengið að fljúga undir flaggi sem hentar hverju sinni og undirboðið félög sem reka ábyrga stefnu gagnvart sínum flugliðum.

Mars 2018

ASÍ tekur ekki sæti í Þjóðhagsráði

Sólveig Anna kosin formaður Eflingar

Verðbólga yfir markmiði í fyrsta sinn í 4 ár



Endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál

Þann 24. apríl 2018 var undirritað samkomulag um breytingar á stjórnkerfiskafla kjarasamnings Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál frá árinu 1995, en hann á uppruna sinn í samkomulagi aðila um lífeyrismál frá árinu 1969. Í samkomulaginu eru gerðar breytingar á ákvæðum samningsins sem fjalla um ársfundi, fulltrúaráð og stjórnir lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA. Breytingarnar miða að því að auka gagnsæi við val á stjórnarmönnum og stuðla að faglegum stjórnarháttum.

Helstu nýmæli samkomulagsins varða skipan og samsetningu stjórnarmanna, uppstillingarnefndir tilnefningaraðila, hámarkssetu í stjórn, hæfisreglur og hagsmunaaárekstra. Auk þess er kveðið á um skipan formlegs samráðsvettvangs samningsaðila sem m.a. skal fjalla um stöðu og þróun lífeyriskerfisins til framtíðar.

Ein veigamesta breytingin í samningnum er tilurð sérstakra uppstillingarnefnda sem hafa það hlutverk að fjalla um hæfi einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarstarfa. Tilnefningaraðilum er gert að óska eftir starfskröftum hæfra einstaklinga með fjölbreytta reynslu og þekkingu t.d. varðandi lífeyrismál, kjarasamninga, stjórnun, áætlanagerð og reikningshald, lögfræðileg málefni og fjármálamarkað. Úr þessum hópi eru gerðar tillögur um þá sem hæfastir eru taldir í ljósi þeirra eiginleika sem sóst er eftir í viðkomandi stjórn.

Samhliða samkomulagi ASÍ og SA var einnig undirritaður kjarasamningur um lífeyrismál milli VR annars vegar og Samtaka atvinnulífsins og Félags atvinnurekenda hins vegar sem lýtur einvörðungu að Lífeyrissjóði verzlunarmanna og kemur í stað kjarasamnings aðila frá desember 1996. Samningurinn er samhljóða kjarasamningi ASÍ og SA að öðru leyti en því er lýtur að skipun stjórnarmanna.

Helstu nýmæli samkomulagsins varða skipan stjórnarmanna.

Apríl 2018

VS ræðir sameiningu við VR

Sjónvarpsþættir um verkalyðsbaráttuna

14 milljarða ávinningur af starfsemi VIRK

Guðmundur Helgi nýr formaður VM

Bjarg opnar fyrir skráningu



VIRK

Starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu.

Á vegum VIRK starfa 51 sérhæfðir ráðgjafar staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land sem fylgja notendum þjónustunnar allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.

Alls hafa 14.500 einstaklingar leitað til VIRK frá upphafi og að jafnaði eru um 2.400 einstaklingar í þjónustu hverju sinni. Rúmlega 70% þeirra sem útskrifast frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði að lokinni starfsendurhæfingu – þ.e. eru annað hvort í launuðu starfi, atvinnuleit eða í lánshæfu námi við útskrift.

Þjónustukannanir VIRK sýna að þátttakendur eru almennt mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

Undanfarin fimm ár hefur Talnakönnun HF metið ávinninginn af starfsemi VIRK. 14,1 milljarða ávinningur var af starfseminni 2017, reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling var 12,6 milljónir árið 2017 og fer vaxandi á milli ára.

Árangur og ávinningur af starfsemi VIRK - fjárhagslegur og samfélagslegur - er mjög mikill þar sem hún hefur á undanförunum árum skilað þúsundum einstaklinga í virka þátttöku á vinnumarkaði.

Reiknaður meðal-
sparnaður á hvern
útskrifaðan
einstakling var
12,6 milljónir árið
2017 og fer
vaxandi á milli ára.

Maí 2018

Júní 2018

Ný lög um bann við mismunun réttarbót fyrir launafólk

Fyrri hringferð ASÍ vegna undirbúnings þings

Yfir 70% verðmunur á matvöru

Gylfi gefur ekki kost á sér



Félagsmálaskólinn - ungt fólk í brennidepli

Fræðsludeild ASÍ og Félagsmálaskólinn hafa í auknum mæli beint sjónum sínum að ungu fólk. Undanfarin ár hefur fræðsludeild Alþýðusambandsins, í samstarfi við stéttarfélagin, boðið grunn- og framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga. Þetta eru stutt erindi þar sem áhersla er lögð á grunnþætti er varða réttindi og skyldur á vinnumarkaði svo sem vinnutíma, ráðningarsamninga, veikindarétt, uppsagnarfrest og launaútreikninga.

Þá hefur ASÍ verið í samstarfi við Jafningjafræðsluna síðan 2009. Þar hefur farið fram fræðsla fyrir unga fólk um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindi á vinnumarkaði í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur, Kópavogs og Seltjarnarness. Hefur það samstarf gefist afar vel og verið mikilvægur þáttur í að efla þekkingu ungs fólks á vinnumarkaði.

Í vor var boðið upp á nýtt námskeið, *Ungir leiðtogar*, fyrir ungt fólk (18-35 ára) í verkalýðshreyfingunni.

Í vor var boðið upp á nýtt námskeið, *Ungir leiðtogar*, fyrir ungt fólk (18-35 ára) í verkalýðshreyfingunni. Námskeiðið var sniðið að trúnaðarmönnum, starfsmönnum stéttarféлага og fólk í trúnaðarráðum. Með námskeiðinu gafst þátttakendum færi á að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla ræðumennsku, framkomu og sjálfstyrk. Þrátt fyrir að ungt fólk sé stór hópur á vinnumarkaði er virkni þess lítil innan stéttarféлага og aðkoma að stjórnun, þingum og ákvörðunartöku innan verkalýðshreyfingarinnar takmörkuð. Ungt launafólk glímur við ótal áskoranir á vinnumarkaði og því mikilvægt að rödd þess heyrist. Alls tóku 18 þátttakendur, frá 13 stéttarfélögum, þátt í námskeiðinu.

Júlí 2018

Svanasöngur kjararáðs

Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar

Áætlanir um leiguverð íbúða Bjargs

Lítill verðmunur á Bónus og Krónunni



Listasafn ASÍ

Í febrúar 2018 voru Sigurði Guðjónssyni veitt Íslensku myndlistarverðlaunin fyrir sýninguna INNLJÓÐ sem Listasafn ASÍ stóð fyrir í kapellu og líkhúsi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Verðlaunin eru mikil hvatning fyrir alla sem að sýningunni komu. Listasafn ASÍ eignaðist öll verkin á sýningunni.

Sýningin INNLJÓÐ var sett upp að nýju á Blönduósi í júlí og var mjög vel sótt. Í tengslum við sýninguna var haldið námskeið fyrir vinnuskólabörn á staðnum þar sem unnið var með málverkið HESTUR Í JÖKULVATNI eftir Jón Stefánsson. Listasafn ASÍ lætur vinna stuttar heimildarmyndir um skólaverkefni og sýningar valdra listamanna. Fyrstu myndirnar verða frumsýndar á þingi Alþýðusambandsins í lok október 2018 og síðar gerðar aðgengilegar á heimasíðu safnsins.

Í ágúst var sýningin SVIPIR opnuð í einum af söllum Listasafnsins á Akureyri. Verkin á sýningunni eru portrettmyndir eftir þekktu íslenska málara og eru flest úr stofngjöf Ragnars í Smára til Listasafns ASÍ frá 1961. Rekstrarstjórn ákvað fyrir á þessu ári að láta framleiða og dreifa ýmiss konar varningi sem byggir á verkum í eigu Listasafnsins. Framleiddar eru eftirprentanir í gjafapakkningu auk gjafakorta og veggspjalda.

Snemma árs var kallað aftur eftir tillögum frá myndlistarmönnum og valdi listráð safnsins Hildigunni Birgisdóttur til samstarfs um sýningahald. Sýningar Hildigunnar verða settar upp í Garðabæ og Vestmannaeyjum á næstu mánuðum. Einnig verða skipulögð skólaverkefni í tengslum við sýningarnar á báðum stöðum.

Á meðan unnið er að því að koma upp nýjum sýningarsal verða sýningar Listasafns ASÍ haldnar í samstarfi við einstaklinga, stofnanir og samtök vítt og breitt um landið.

Listasafn ASÍ lætur vinna stuttar heimildarmyndir um skólaverkefni og sýningar valdra listamanna.

Ágúst 2018

September 2018

Félagsleg undirboð verða ekki liðin á vinnumarkaði

Bjarg byggir á Akranesi, Selfossi og í Þorlákshöfn

Fjárlagafrumvarpið rýrt innlegg í kjaraviðræður

5. þing ASÍ-UNG



Alþýðusamband Íslands

Guðrúnartúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Reykjavík, október 2018